


24. janúar 2002

Samhengi verðlags, launa og gengis

Mikil umræða um verðbólgu upp á síðkastið þarf ekki að koma á óvart. Undanfarin tvö ár hafa almennar verðbreytingar hér á landi verið töluvert meiri en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum og þar með vakið upp þann illvíga verðbólguþraug sem lagður var að velli með eftirminnilegum hætti fyrir um áratug eða svo. Ekki er nóg með að verðbreytingar hafa verið meiri en í nágrannalöndunum undanfarin misseri heldur hefur verðbólgan fæst í aukana fremur en dregið hafi úr henni eins og spár gerðu ráð fyrir. Þetta hefur gert það að verkum að nú er rætt um það í fullri alvöru að grípa til sértækra aðgerða til þess að halda verðlagi í skefjum sérstaklega eftir hækkingu neysluverðsvisítölunnar nú í janúar. Það er að sjálfsgöðu mikið í húfi, m.a. til þess að tryggja að verðbólguþraugin ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins haldist og að ekki komi til uppsagnar launaliðs almennra kjarasamninga.

Í þessu sambandi er mikilvægt að undirstrika að ekki er hægt að slíta einn þátt hagkerfisins úr því heildarsambengi sem ræður framvindu og niðurstöðu efnahagsmálanna. Verðlagsþróunin ræðst af fjölmörgum þáttum og tengist aðstæðum á mismunandi mörkuðum. Það eru gömul sannindi og ný að breytingar á framleiðslu- og dreifingarkostnaði vöru og þjónustu koma fram sem verðbreytingar eftir að tekið hefur verið tillit til framleiðnbreytinga í viðkomandi greinum. Vissulega skipta aðrir þættir einnig máli og má þar nefna samkeppnisstöðu í mismunandi greinum, almennt eftirspurnarstig, hagstjórnaraðhald og opinberar álögur af ýmsu tagi sem hafa áhrif á verðmyndun. En þegar upp er staðið eru engar tófralausnir til í þessum málum frekar en öðrum. Til þess að halda verðbólgunni í skefjum verða innlendir kostnaðarhækkningar að vera í samræmi við það sem gerist í okkar samkeppnislöndum.


Miklar launahækkningar að undanförunu hafa óhjákvæmilega stuðlað að verðhækkunum, fyrst vegna aukins framleiðslukostnaðar og síðan vegna aukins kaupmáttar sem skapað hefur eftirspurnarspennu á markaðnum. Sérstaklega er áberandi hversu sterk fylgni hefur verið á verðlagi þjónustu þar sem samkeppni ríkir og þróun launa eins og sést á meðfylgjandi mynd.



Verðlag á innfluttum vörum hefur þegar á heildina er lítið fylgt hefðbundnu mynstri og tekið breytingum í takt við gengi og hækkningar í viðskiptalöndunum. Fljótlega eftir að gengi krónunnar tók að lækka á vormánuðum árið 2000 tók að gæta verðhækkana á innfluttum vörum. Þetta á sérstaklega við um innfluttar matar- og drykkjarvörur sem hafa hækkað talsvert umfram gengisbreytingar. Aðrar innfluttar vörur hafa hækkað mun minna og í sumum tilvikum hefur lítil sem engin hækking orðið þrátt fyrir umtalsverðar gengisbreytingar.

Þessi munur leiðir óneitanlega hugann að því hvort og með hvaða hætti mismunandi markaðsaðstæður hafa áhrif á verðmyndun. Hver er til dæmis skýringin á því að fatnaður og skór, sem eru að mestu leyti innflutt, hafa lítið sem ekkert hækkað á síðastliðnum 18 mánuðum á meðan innflutt matvara hefur hækkað um meira en fjórðung? Svokölluð útsöluáhrif geta vissulega

skýrt þessa verðþróun á fatnaði að hluta, en þegar á heildina er lítið er sláandi munur á verðhækkun á matvörum og öðrum innfluttum varningi. Ekki liggur fyrir hvort mikil samþjöppun á matvörumarkaðnum er hluti af skýringunni þótt vissulega hljóti sú skýring að teljast nærtæk. Til þess að skera úr um þetta þyrfti að koma til nákvæm athugun á samhengi verðmyndunar og samþjöppunar í viðkomandi verslunargreinum.



Hvað sem því líður má álykta sem svo að styrking á gengi krónunnar ætti fljótlega að leiða til þess að verðlag á innfluttum vörum, sérstaklega matvörum, gæti farið lakkandi. Í raun mætti ganga lengra og segja að slík áhrif ættu ef til vill þegar að vera komin fram þar sem gengi krónunnar hefur styrkt umtalsvert frá því sem var á haustmánuðum síðasta árs, eða um 3½% miðað við meðaltal síðasta ársfjórðungs og 5½% frá hámarki í nóvember.

Miðað við þróun gengisins undanfarna mánuði virðist sem gengisvísitalan sé að ná ákveðnu jafnvægi í kringum 140 stig sem er í samræmi við þá gengisforsöðun sem gengið var út frá í fjárlögum ársins 2002. Miðað við stöðuna í október og nóvember er hér um marktæka gengishækkun að ræða sem eins og áður segir hlýtur að hafa jákvæð áhrif á þróun verðlags á næstu mánuðum og stuðla þannig að því að fyrrgreind verðbólguþraug náist.

Staðan í tvísköttunarmálum

Á árinu 2001 lauk samninganefnd um gerð tvísköttunarsamninga (SUT) við gerð 2ja tvísköttunarsamninga, þ.e. við Ítalíu og Möltu. Þar með er Ísland orðið aðili að 23 tvísköttunarsamningum við 27 erlend ríki, en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna.

Ljóst er að þótt mikið hafi áunnist á þessu sviði á örfáum árum (13 samningar á sl. fimm árum) eigum við enn langt í land samanborið við hin Norðurlöndin. Danir hafa gert 74 samninga, Finnar 64, Norðmenn 77 og Svíar 78.

Á grundvelli þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið er langtíamarkmið SUT að ljúka samningsgerð við aðildarríki OECD á næstu árum. Þegar hafa verið gerðir samningar við 20 ríki af 30 aðildarríkjum OECD, auk þess sem samningsgerð við Írland er á lokastigi. Í apríl er áætlað að hefja viðræður við Grikk og í maí við Suður-Kóreu. Þá er búist við að viðræður við Ungverja hefjist á þessu ári. Eftirlatin 6 OECD ríki eru þá eftir, Austurríki, Ástralía, Japan, Mexíkó, Nýja-Sjáland og Tyrkland.

Leitað hefur verið eftir viðræðum við framangreind ríki með formlegum hætti, ef frá er talið Tyrkland, en tímasetningar liggja ekki fyrir. Mexíkóar hafa látið í ljós áhuga á gerð samnings en Ástralir hafa tilkynnt að ekki geti orðið af viðræðum við þá fyrir en í fyrsta lagi árið 2003. Afstaða Japana og Austurríkismanna til samningsgerðar liggur ekki ennþá endanlega fyrir.

Þá hefur SUT horft til þess að ljúka samningsgerð við nýju ESB-ríkin, en þar eru það Slóvenía og Kýpur sem eftir standa. Jafnframt hefur verið sett á stefnuskrá nefndarinnar að óska eftir viðræðum við Chile, Brasilíu, Suður-Afríku og Namíbíu.

Að lokum má geta þess að annar samningafundur SUT með Grænlandungum verður í byrjun febrúar og með Bandaríkjamönnum um miðjan mars.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,8	6,0
Tekjuskattar	18,9	14,6
Tryggingagjöld	9,1	12,0
Eignarskattar	17,5	12,8
Veltuskattar	6,7	0,0
Tekjur alls	6,7	6,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,3	4,4
Félagsmál	9,9	14,7
Atvinnumál	4,4	17,0
Vaxtagjöld	37,8	9,7
Önnur útgjöld	8,9	45,3
Gjöld alls	11,7	14,1

Greiddsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8972	-3974
Hr. lánsfjárfjórnuður	9172	-22710
Afborganir lána	-34443	-22310
Br. lánsfjárfjórnuður	-30769	-56895
Lántökur	27793	65227
Greiddsluafkoma	-2978	8332

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-jan-2001/02	3,5	9,4
Kjarnaverðb.-jan 2001/02	2,6	10,9
Launavísitala-nóv 2000/01	7,6	9,6
Heildarvelta jan-ágúst 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-ágúst 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi - des 2000/01	1,3	1,9